



almannaheill
samtök þriðja geirans

Fundur í stjórn Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, 12. febrúar 2020, kl. 9.00, að Sigtúni 42 í Reykjavík.

Mætt voru: Árni Einarsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Halldór S. Guðbergsson, Hildur Helga Gísladóttir, Hrannar B. Arnarson, Ómar H. Kristmundsson, Ragnheiður Sigurðardóttir, Vilmundur Gíslason og Jónas Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta var rætt:

1. Meðferð frumvarps um félög til almannaheilla

Fram kom að tveir stjórnarmenn Almannaheilla mættu í byrjun febrúar á fund efnahags- og viðskiptanefndar alþingis til að ræða frumvarp till laga um félög til almannaheilla, sem er til meðferðar hjá nefndinni. Vonast er til að málið verði afgreitt fljótlega frá nefndinni.

2. Vinnustofa um heimsmarkmiðin

Ragnheiður sagði frá undirbúningi að vinnustofu með fólki úr félagasamtökum sem haldin verður 19. febrúar n.k. Þar verða kynntir möguleikar til útfærslu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í starfi félagasamtaka. Vinnustofan verður haldin að Sigtúni 42. Þegar hafa 32 einstaklingar skráð sig til þátttöku á vinnustofunni. Samkvæmt dagskrá vinnustofunnar munu fulltrúar þriggja félagasamtaka, Landverndar, Bandalags ísenskra skáta og Rauða krossins kynna þar útfærslur í starfi sinna samtaka; einnig munu starfmenn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og forsætisráðuneytisins flytja erindi.

3. Samstarf við Fræðasetur þriðja geirans

Ómar skýrði frá niðurstöðum 12 manna vinnufundar um útfærslu á viljayfirlýsingu Almannaheilla, HÍ og nýsköpunarráðuneytis um félagslega nýsköpun. Á fundinum og í framhaldi af honum hafa verið ræddar hugmyndir um að koma þessu samstarfi fyrir í sjálfstæðari einingu heldur en fyrst var gengið út frá; jafnvel verði komið á fót sjálfseignarstofnun í því skyni. Stjórnarmenn gerðu ekki athugasemd við þessa nálgun. Stjórn og ráðgjafahópur munu vinna áfram með þessar hugmyndir í framhaldinu.

4. Lýðræðishátíðin, fundir fólksins

Fram kom að Reykjavíkurborg hefur tekið vel í erindi Almannaheilla um samstarf um Lýðræðishátíðina, fundi fólksins. Boðað verður til fundar um málið á næstu dögum.

5. Bankaupplýsingar stjórnarmanna

Minnt var á að Almannaheill á eftir að skila gögnum sem viðskiptabanki samtakanna hefur kallað eftir til þess að uppfylla skilyrði laga og reglna um viðskipti við félagasamtök. Frestur til að skila gögnum er til 20. mars.

6. Upplýsingar um eigendur

Rætt var um beiðni Ríkisskattstjóra um skráningu raunverulega eigendur samtakanna. Formaður mun leita eftir skýringum embættisins á hvað átt er við og hlutast til um að fullnægjandi upplýsingar verði veittar.

7. Heimsókn til ADHD

ADHD-samtökin munu bjóða aðildarfélögum Almannaheilla til kynningar 20. febrúar n.k.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.30.